



Akraneskaupstaður

Faxaflóahafnir sf.

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið qisli@faxafloahafnir.is

Akranesi, 17. mars 2017
1703110 SFP/sas

Efni: Afmæli Akraneshafnar

Bæjarráð Akraness vill minna á að um þessar mundir eru 110 ár liðinn síðan bryggjan við Steinsvör var byggð. Hún er fyrsta mannvirki sinnar tegundar sem byggt var fyrir opinbert fé á Akranesi. Það var Ytri-Akraneshreppur sem lét árið 1907 byggja með steinsteyptum stöplum fram á vörina, á þeim stað sem bjálkabryggja Thors Jensen stóð áður. Þessi mikilvæga framkvæmd var stór áfangi í langri útgerðarsögu Akurnesinga sem nær allt til Brynjólfs biskups í Skálholti en hann gerði út frá Akranesi um árabíl. Akranes er talið vera fyrsti vísir að útgerðarþorpi á Íslandi.

Okkur þætti vel við hæfi að tímamótanna verði minnst með myndarlegum hætti. Auk þess vill bæjarráð vekja athygli á því að snemmsumars í ár munu leggja hér að bryggju skemmtiferðaskip í fyrsta sinn á Akranesi. Það væri gott að geta boðið upp á meira aðlaðandi umhverfi við viðlegukantinn.

Við viljum nota tækifærið til þess að óska Faxaflóahöfnum til hamingju með merk tímamót Reykjavíkurhafnar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sævar Þór Práinsson
AKRANESI
bæjarsjóri